

**Fundargerð 392. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 14. október, kl. 15.30 í zoom fjarfundi.**

Fundinn sátu:

Sandra B. Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Innleiðing styttingar vinnuvikunnar-upplýsingar til félagsmanna
4. Trúnaðarmannaráðsfundur 4. nóvember kl. 15.00 til 17.00, boðun á fundinn
5. Viðvera starfsmanna á skrifstofu félagsins
6. Útleiga orlofshúsa á tímum covid
7. Þjónustukönnun SLFÍ
8. Kynning á undirbúningsnámi fyrir diplómanámið
9. Hvernig verður staðið að kynningu á sjúkraliða- og diplómanáminu

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna til zoom - fundar.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á heimasíðu félagsins.

3. Innleiðing styttingar vinnuvikunnar, kynningarmyndbönd

SBF fór yfir fund sem hún og GÖG voru á í morgun með verkefnastjórn styttingar vinnuvikunnar. Á fundinum var farið yfir málefni sjúkraliða í dagvinnu sem hafa fengið kaffitíma greidda þrátt fyrir að vera í dagvinnu. Málið rætt á fundinum og lagt til að fulltrúar SLFÍ fari á samstarfsnefndafundi á stofnunum og ræði málið og fái upplýsingar um verðmæti ákveðinna atriða þ.m.t. kaffitíma og næturvaktalags, sem eru í stofnanasamningi félagsins. Fram kom að BSRB væri búið að útbúa nokkur

kynningarmyndbönd á styttingu vinnuvikunnar, bæði í dag- og vaktavinnu. Frumsýning hefur farið fram á myndböndunum, en myndböndin fara í frekari sýningu í þessari viku fyrir trúnaðarmenn og alla sjúkraliða sem áhuga hafa á. Búið er að senda linkana og tímasetningarnar á kynningunum á alla sjúkraliða, en eftir áhorf verður hægt að fá svör við spurningum sem brenna á áhorfendum.

4. Trúnaðarmannaráðsfundur 4. nóvember kl. 15.00 til 17.00, boðun fundar

SBF ræddi um fyrirhugaðan fund með trúnaðarmannaráði og boðunina á hann þ.s. m.a. þurfi að koma fram að greiðsla þóknunarinnar verði háð viðvera á þeim fundi. Á fundinum verður farið yfir helstu atriði varðandi styttingu vinnuvikunnar og þau kynningarmyndbönd sem búið er að gefa út. Fundurinn verður í zoom.

5. Viðvera starfsmanna á skrifstofu félagsins

SBF fór yfir að í ljósi stöðunnar í samfélaginu varðandi covid hefði verið ákveðið að starfsmenn félagsins skipti á milli sín viðveru á skrifstofunni aðrir en GÖG.

6. Orlofsmál á tímum covid

SBF fór yfir að stjórn Orlofssjóðs hafi ákveðið að halda leigu orlofshúsa áfram, en hafi sent á alla félagsmenn bréf þ.s. farið er yfir stöðuna/áhættuna og ítrekað mikilvægi þrifa og sprittunar.

7. Þjónustukönnun á starfsemi félagsins

Rætt var um þjónustukönnun meðal félagsmanna SLFÍ. SBF fór yfir að hún hafi óskað eftir tilboði frá Félagsvísindastofnun, sem nú lægi fyrir og var farið yfir það. Farið var yfir að hægt væri að spyrja sértækt um orlofsmál og blaðið. Rætt var um hvað það er sem væntingar eru um að fá út úr slíkri könnun. Málið rætt og verður rætt áfram.

8. Kynning á undirbúningsnámi fyrir diplómanámið

SBF fór yfir auglýsingu um undirbúningsnámið hafi verið send á alla sjúkraliða, verið birt á heimasíðu félagsins og facebook.

9. Hvernig verður staðið að kynningu á sjúkraliðanámi og diplómanáminu

Farið var yfir að mikilvægt væri að kynna nám sjúkraliða á allan mögulegan máta og einnig þyrfti forsvarsfólk félagsins að nálgast ófaglærða inni á stofnunum og benda þeim á möguleikann á sjúkraliðanám með vinnu sem samið var um við gerð síðustu kjarasamninga. SBF fór yfir þá alvarlegu stöðu sem er í dag varðandi nýliðun og brotthvarf úr starfinu að mestu leyti vegna aldurs. Farið var yfir að kynna þurfi diplómanámið mjög vel.

Önnur mál

- Stofnanasamningur við Ás á lokametrunum og munum heyra í þeim hjá HNLFÍ í næstu viku varðandi að klára samninginn.

Fundi slitið kl. 17.15